

Samvera og óformleg samskipti styrkja samstarfsvilja, vellíðan og vinnustaðamenningu – Reynsla Brekkuskóla



Jóhanna María
Agnarsdóttir, Aðalheiður
Bragadóttir og Sara Mist
Jóhannsdóttir

Í þessari grein lýsa höfundar þátttöku Brekkuskóla á Akureyri í samstarfsverkefni Vinnueftirlitsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands um vinnustaðamenningu í skólum. Tveir grunnskólar og þrír leikskólar tóku þátt í verkefninu sem beindist að því að efla heilbrigða vinnustaðamenningu, öryggi og vellíðan starfsfólks. Verkefnið þótti skila góðum árangri. **Sjá um verkefnið hér.**

Brekkuskóli er heildstæður grunnskóli, staðsettur miðsvæðis á Akureyri. Í skólanum eru um 430 nemendur og starfsfólk er um 85. Þátttaka skólans í þessu verkefni hafði það markmið að styrkja samvinnu, vellíðan og traust innan starfsmannahópsins. Brekkuskóli er lifandi vinnustaður þar sem öflugur hópur starfsfólks vinnur saman að því að skapa faglegt námsumhverfi fyrir nemendur. Starfsfólk sameinast um það markmið að veita börnum sem best skilyrði til náms og þroska. Líkt og á öðrum vinnustöðum þar sem margir starfa saman er mikilvægt að rækta góð samskipti og samvinnu.

Í okkar vinnu lögðum við sérstaka áherslu á að efla óformleg samskipti og samveru starfsfólks, ásamt því að rýna í allar starfslýsingar. Niðurstöður verkefnisins sýna að slík vinna getur haft jákvæð áhrif á starfsanda.

Samtal og ígrundun

Frá upphafi var lögð áhersla á að skapa rými fyrir samtal og sameiginlega ígrundun. Kennara- og starfsmannafundir héldu sínu hlutverki en þeim var jafnframt stundum breytt þannig að þeir buðu upp á meiri hópavinnu og opnari umræður. Með því fengu fleiri rödd og tækifæri til að taka þátt í að móta vinnustaðamenninguna. Þessi nálgun studdi við markmið verkefnisins um að efla sameiginlega ábyrgð og virkja þekkingu og reynslu starfsfólks.

Óformlegt samtal og samvera

Eitt af því sem reyndist sérstaklega vel voru svokallaðir kaffihúsafundir. Þá var slakað á formlegu sniði hefðbundinna funda og lögð áhersla á léttara andrúmsloft, opnar samræður og tengslamyndun. Þessir fundir gáfu starfsfólki tækifæri til að ræða málefni sem skipta máli í daglegu starfi. Það kom vel í ljós að þegar starfsfólk fær tækifæri til að ræða saman á óformlegri vettvangi eykst traust, skilningur og vilji til samvinnu. Við upphaf verkefnisins lék skemmtinefnd skólans stórt hlutverk. Hún var mjög virk á tímabilinu og stóð fyrir fjölbreyttum viðburðum og leikjum sem miðuðu að því að þetta starfsmannahópin. Með þessum stóru og smáu viðburðum skapaðist vettvangur fyrir gleði, humor og samveru, bæði í vinnunni og utan hennar. Þó þetta virðist einfalt hefur það sýnt okkur að gott félagslíf skiptir máli varðandi góða vinnustaðamenningu.

Rýni í hlutverk og væntingar

Samhliða þessari vinnu var unnið markvisst með starfslýsingar starfsfólks. Skýrar starfslýsingar og sameiginlegur skilningur á hlutverkum, ábyrgð og verkferlum eru mikilvægur þáttur í því að byggja upp öryggi í starfi. Með því að fara yfir og ræða starfslýsingar gafst tækifæri til að skýra væntingar, minnka óvissu og styrkja tilfinningu starfsfólks fyrir því að það vissi hvert hlutverk þess væri. Þessi vinna studdi bæði við faglegt öryggi og jákvæð samskipti.

Samtal, hlýja og traust

Eitt af því sem var jákvætt var hversu fljótt andrúmsloftið innan skólans varð léttara. Starfsfólk upplifði aukið rými til samtals og meiri hlýju í samskiptum. Í sameiginlegri vinnu var lögð áhersla á gildi eins og virðingu, hreinskilni, jákvæðni og samvinnu. Slík gildi eru ekki sjálfgefin heldur þurfa þau að vera lifandi í daglegum samskiptum. Það kom skýrt fram hjá starfsfólki að því finnst skipta miklu máli að hér ríki traust og að við getum átt í hreinskiptum samskiptum. Að geta rætt saman af hreinskilni, hlustað og sýnt hvert öðru virðingu styrkir samstarfið og eykur öryggi. Verkefnið minnti okkur á að vinnustaðamenning mótast ekki eingöngu í formlegum ferlum heldur einnig í daglegum samskiptum og óformlegri samveru. Kaffistofusamtöl, sameiginlegir viðburðir og opnar fundir geta haft jafn mikil áhrif og skipulögð þróunarvinna. Með því að hlúa að þessum þáttum er hægt að styrkja tengsl og skapa umhverfi þar sem starfsfólk upplifir stuðning og samstöðu.

Næstu skref

Næstu skref okkar í Brekkuskóla felast meðal annars í því að halda áfram að efla samveru og tryggja að rými sé fyrir samtali og tengslamyndun. Einnig er mikilvægt að huga að móttöku nýrra starfsmanna, fara vel yfir starfslýsingar með þeim, styðja við jákvæð samskipti og halda áfram að vinna markvisst gegn neikvæðu umtali. Með því að halda þessari vinnu lifandi er hægt að byggja áfram á þeim grunni sem lagður var í verkefninu. Reynsla okkar sýnir að markviss vinna með óformleg samskipti og samveru, ásamt skýrari starfslýsingum og sameiginlegum ramma um hlutverk og ábyrgð, geti haft raunveruleg áhrif á vinnustaðamenningu. Með sameiginlegu átaki, opnu samtali og gleði í starfi er hægt að skapa umhverfi þar sem allt starfsfólk upplifir traust sín á milli, stuðning og samkennd. Slík vinnustaðamenning er ekki aðeins góð fyrir starfsfólkið sjálft heldur skilar sér einnig í betra skólastarfi og sterkari heild fyrir nemendur.



100 daga hátíð hjá 1. bekk í Brekkuskóla (börnin halda upp á að hafa verið 100 daga í skólanum).
Ljósmynd: Aðalheiður Bragadóttir.

Um höfunda

Aðalheiður Bragadóttir er deildarstjóri á eldra stigi í Brekkuskóla. Hún lauk grunnskólakennaranámi frá Háskólanum á Akureyri árið 2005 og starfaði sem umsjónarkennari við Glerárskóla þar til hún hóf störf í Brekkuskóla haustið 2018. Vorið 2025 lauk hún diplómu í stjórnun og forystu í lærdómssamfélagi frá Háskólanum á Akureyri.

Jóhanna María Agnarsdóttir skólastjóri Brekkuskóla. Jóhanna María lauk grunnskólakennaraprófi frá Kennaraháskóla Íslands 1991 og meistaraþrófi í stjórnun menntastofnana frá Háskólanum á Akureyri 2025. Hún starfaði sem grunnskólakennari við Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar 1991-2002 og svo skólastjóri Hríseyjarskóla 2002 - 2008 þegar hún hóf störf í Brekkuskóla.

Sara Mist Jóhannsdóttir er að leysa af sem deildarstjóri á yngra stigi og hóf störf í Brekkuskóla haustið 2025, fyrir það starfaði hún í Fellaskóla í Reykjavík. Hún útskrifaðist árið 2023 með kennararéttindi í Menntun framhaldsskólakennara, árið 2019 með M.ed. gráðu í Tímstunda og félagsmálafræðum og árið 2014 með B.A gráðu Félagsráðgjöf frá Háskóla Íslands. Hún hefur reynslu bæði sem kennari og stjórnandi.

SKÓLAÞRÆÐIR
TIHÁRIT SAMTARA ELDRAFÓLKES OG SKÓLAÞRÆÐIR

Grein birt 4. júní 2026